

**Árskýrsla**  
**Ársskýrsla Náttúrustofu Suðurlands 2002**



# Efnisyfirlit

<u>Efnisyfirlit</u> .....	2
<u>I. Inngangur</u> .....	3
<u>II. Fjármál</u> .....	4
<u>III. Starfsemi</u> .....	4
<u>A. Norrænt samstarf</u> .....	4
<u>B. Vernd jarðminja</u> .....	4
<u>C. Glerinnlyksur í kristöllum</u> .....	5
<u>D. Náttúrufarslýsing vegna Aðalskipulags Vestmannaeyja 2002-2014</u> .....	5
<u>E. Umsagnir um þingmál</u> .....	5
<u>F. Mörk friðlýstra svæða</u> .....	5
<u>G. Heimsóknir</u> .....	5
<u>H. Ýmislegt</u> .....	5

# I. Inngangur.

Í þessari skýrslu verður farið í gegnum starf Náttúrustofu Suðurlands síðasta ársfjórðung ársins 2002. Ármann Höskuldsson lét af starfi forstöðumanns í maí eftir rúmlega fimm ára starf og Ingvar Atli Sigurðsson tók við í september.

Breytingar urðu einnig á stjórn Náttúrustofunnar. Í stjórn eru þrír aðalmenn og þrír til vara. Þeir eru skipaðir að afloknum sveitarstjórnarkosningum og sitja að öllu óbreyttu fram yfir næstu kosningar. Fyrri hluta árs sátu í stjórn Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Svanhildur Guðlaugsdóttir en um mitt ár viku Árni og Ísólfur og við tóku Margrét Lilja Magnúsdóttir og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir. Svanhildur er formaður stjórnar, Margrét Lilja varaformaður og Sigrún Inga ritari.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofur (lög nr. 60/1992 með breytingum frá 3. maí 2002) og reglugerð um Náttúrustofu Suðurlands (reglugerð 643/1995). Frá stofnun Náttúrustofu Suðurlands hefur Vestmannaeyjabær verið eina sveitafélagið sem komið hefur að rekstri stofunnar.

## II. Fjármál

Fjárhagsstaða Náttúrustofu Suðurlands var ekki góð á síðasta rekstrarári og af því leiddi að kostnaður vegna yfirdráttar og vanskilavaxta var rúmlega 700.000 krónur. Um áramótin var yfirdráttur á bankareikningi tæplega 3,4 milljónir króna og með útistandandi skuldum var stofan um 4,2 milljónir í mínus. Tap á Náttúrustofunni var rúmar 2 milljónir á síðasta ári. Að hluta til má rekja þessa stöðu til meintrar skuldar við Umhverfissráðuneytið sem var að safnast upp á árunum 1997-2000. Reynt var að semja við ráðuneytið um að dreifa þessari skuld yfir á nokkur ár en ekki var komin endanleg niðurstaða í það mál um áramótin.

Miðað við núverandi fjárframlög frá ríki og Vestmannaeyjabæ er eingöngu hægt að halda út einum föstum starfsmanni, þ.e. forstöðumanni, og ráða sumarstarfsmann í einhverja mánuði en með tekjum af útseldri vinnu mætti gera það að heilsársstöðu. Það er hins vegar ljóst að ekki verður unnt að ráða sumarstarfsmann á þessu ári nema til komi föst verkefni með útseldri vinnu.

## III. Starfsemi.

Eins og fram kemur í inngangi lét Ármann Höskuldsson af störfum 1. maí 2002 og Ingvar A. Sigurðsson tók við þann 1. september. Í skýrslu þessari verður eingöngu farið í gegnum verkefni Náttúrustofu í tíð núverandi forstöðumanns en vísað í Ársskýrslu Náttúrustofu Suðurlands 1997-2001 hvað varðar fyrri helming ársins. Hvað framtíðarverkefni varðar er mikilvægt að fá inn föst verkefni til að tryggja rekstrargrundvöll stofunnar og er þar helst horft til samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun auk annarra náttúrustofa í gegnum Samtök náttúrustofa (SNS).

### A. Norrænt samstarf.

Forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands er annar tveggja fulltrúa Íslands í norrænni nefnd í verkefni er nefnist: Verndarviðmið fyrir jarð- og menningarminjar á Grænlandi, Íslandi og Svalbarða (Vernekriterier for geologiske forekomster og kulturminner på Grønland, Island og Svalbard). Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Kaupmannahöfn 28-29. nóvember 2002. Reiknað er með tveimur vinnufundum á árinu 2003 og að lokaskýrsla nefndarinnar komi út fljótlega eftir áramótin 2003-2004. Náttúrustofan leggur til vinnutíma forstöðumanns en annar kostnaður er greiddur af verkefninu sem er kostað af Norrænu ráðherranefndinni.

### B. Vernd jarðminja.

Á árinu gaf Náttúrufræðistofnun Íslands út skýrsluna: Verndun jarðminja á Íslandi. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002, eftir Helga Torfason og Ingvar A. Sigurðsson. Mikil vinna er framundan ef taka á kerfisbundið á verndun jarðminja á Íslandi og er vonast til peningar fáist til að vinna verkefnið að einhverju leyti á Náttúrustofu Suðurlands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

C. Glerinnlyksur í kristöllum.

**Föstudaginn 18. október sótti forstöðumaður ráðstefnu Jarðfræðifélags Íslands á Nesjavöllum og kynnti þar á veggspjaldi, með Sigurði Steinþórssyni, rannsóknarverkefnið: Gler-innlyksur í kristöllum úr Búrfells-pikrít í Ölfusi.**

**Forstöðumaður hefur í nokkur ár, í samstarfi við Sigurð Steinþórsson og fleiri, unnið að rannsóknum á glerinnlyksum í kristöllum úr frumstæðu bergi á Íslandi og er ætlunin að halda þeim rannsóknum áfram eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Talsvert er til að óbirtum gögnum en reikna má með að greina þurfi snefilefni í nokkrum sýnum áður en hægt verður að skrifa upp niðurstöður og fá þær birtar. Haft var samband við nokkra vísindamenn erlendis um möguleika á efnagreiningum og ræðst væntanlega á árinu hvort og þá hvar farið verður í þá vinnu.**

D. Náttúrufarslýsing vegna Aðalskipulags Vestmannaeyja 2002-2014.

**Náttúrustofa Suðurlands tók að sér árið 2001 að lýsa náttúrufari Vestmannaeyja vegna aðalskipulags Vestmannaeyja 2002-2014. Verkinu var að mestu lokið í tíð Ármanns en þó voru gerðar breytingar á texta síðla árs 2002 áður en 2. tillaga að Aðalskipulaginu fór í kynningu. Reikna má með að verkinu ljúki á árinu 2003.**

E. Umsagnir um þingmál

**Aðeins eitt þingmál kom til umsagnar Náttúrustofu seinni hluta ársins 2002: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Umsögn var send nefndasviði Alþingis með bréfi dagsettu 29. október 2002.**

F. Mörk friðlýstra svæða.

**Náttúruvernd ríkisins fékk Náttúrustofu til þess að yfirfara mörk friðlýstra svæða vegna útgáfu Landmælinga Íslands á Ferðakortí númer 2 í mælikvarðanum 1:250.000, Vesturland og Suðurland.**

G. Heimsóknir.

**Forstöðumaður tók á móti tveimur blaðamönnum frá Lettlandi og fór með þeim um Heimaey og fræddi þá um jarðfræði Vestmannaeyja. Blaðamennirnir höfðu dvalið á Íslandi í nokkrar vikur og haft bækistöðvar á Morgunblaðinu. Einar Friðþjófsson kennari slóst með í fór seinni hluta dagsins og fór yfir sögu Vestmannaeyja. Að lokum var farið með blaðamennina að hitta Svavar Steingrímsson.**

H. Ýmislegt

**Farið var í gegnum bókasafn Náttúrustofu og farið með allar óskráðar bækur og tímarit í skráningu hjá Bókasafni Vestmannaeyja. Talsvert virðist vanta upp á að skýrslur sem Náttúrustofan hefur unnið hafi verið skráðar og eru þær fæstar til hjá Náttúrustofu og engin á Bókasafni Vestmannaeyja. Reynt verður að komst yfir eintök hjá verkkaupum þar sem nauðsynlegt er að gögn sem aflað er á Náttúrustofunni séu þar til. Einnig er lítið til af sérprentum og greinum um náttúru Suðurlands á Náttúrustofu og var byrjað að koma upp greinasafni. Meðal annars þá gaf Surtseyjarfélagið eintök af greinum úr sínu sérprentasafni sem ekki voru til á Náttúrustofu.**

**Hafist var handa við breytingar á heimasíðu Náttúrustofunnar og var heimasíðan opnuð eftir breytingar í lok febrúar 2003.**